



Stærðfræði

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. stundaskrá eru 6 kennslustundir á viku tileinkaðar stærðfræði. Greinin er að auki samtvinnuð inni aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við erum meðvituð um að í daglegu lífi grípum við oft til stærðfræðinnar við hin ýmsu tækifæri og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við að túlka stærðfræði úr ýmsum athöfnum og átta okkur á hvenær við grípum til hennar og hvaða aðferðum við beitum.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inni form kennslunnar eins og kostur er.

Námsgögn: Sproti la nemendabók og æfingabók, Sproti lb nemendabók og æfingabók, Stærðfræði 1A, Stærðfræði 1B, sporunarhefti, gagnvirkir efni og námsleikir, fúsi plús, línus mínus sem og náttúra okkar og umhverfi.

Við stærðfræðikennslu I.bekkjar er kennslunni skipt upp sjö flokka námshæfniviðmiða sem að nýtt eru sem þræðir í gegnum kennsluna, aðferðir og námsgögn.

Námshæfniviðmiðin eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

- **Geta spurt og svarað með stærðfræði**
 - Að nemendur geti tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. Þeir geti leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi og ígrundun og notað áþreifyanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
- **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**
 - Að nemendur læri að nýta sér hlutbundin gögn við rannsóknir á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Þeir þekki og geti túlkað einföld stærðfræðitákn og tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**
 - Að nemendur nái góðum tókum á rithætti talna. Þeir þrói fjölbreyttar lausnaleyðir og geti unnið í samvinnu við aðra í leit að lausnum og rætt lausnarleiðir. Einnig að nemendur kynnist verðgildi peninga.
- **Tölur og reikningur**
 - Að nemendur nái góðum tókum á tölunum 0-100. Þeir geti raðað þeim í röð og borið saman. Noti tugakerfisrithátt og þrói hentugar aðferðir sem að byggja á skilningi við samlagningu og frádrátt. Einnig að þeir þekki „tíuvínina“



- **Algebra**
 - Læri að finna mynstur í umhverfi sínu og læri og þrói aðgerðir við að finna „týndu töluna.“
- **Rúmfræði og mælingar**
 - Geti mælt lengd með óstöðluðum mælieiningum. Greini formin hringur, þríhyrningur, ferningur og rétthyrningur sem og kunni að spegla þau einföldustu. Þeir þekki hugtökin þyngd, tími, hitastig og lengd.
- **Tölfræði og líkindi**
 - Að nemendur geti tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur. Þeir geti talið, flokkað, skráð og lesið uppýsingar í töflu og súlurit og rætt niðurstöður.

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 2 hæfniviðmið úr floknum vinnulag stærðfræðinnar til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Þau eru:

- ✓ Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem að þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- ✓ Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir sér þau rétt við útreikninga.

Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlag námið við þarfir hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.

Við mati á námi nemenda er horft til áherslu á styrkleika og stuðning við framfarir. Einnig er símat allt skólaárið, fystu skref leiðsagnarmats og endurgjafir á ólíkum sviðum. Nemendur fá umsögn á vitnisburðarblaði tvisvar sinnum á skólaári.

Víkurskóli

Námsvísir 1.bekkur
2021-2022

